

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 244/1990. **Kristinn Ragnarsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Héðni hf.

(Guðni Á. Haraldsson hrl.).

Lausafjárkaup. Galli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1990. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hefur þakstál það, sem um er deilt í máli þessu, verið notað lengi af fagmönnum. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn þess efnis, að efni þetta hafi verið selt á þök hér á landi í allmiklum mæli sl. þrjú ár. Er ósannað, að hér sé um óhæft efni að ræða. Í skoðunarskýrslu Nielsar Indriðasonar byggingaverkfræðings, sem gerð var að frumkvæði áfrýjanda, svo og skýrslu hans fyrir dómi, kemur fram, að frágangur á þakinu hafi ekki verið nægilega góður og erfitt að greina á milli leka- vatns og þéttivatns. Ekkert annað mat eða úttekt var gerð á þakinu, áður en það var rifið af. Er því ósannað, að lekinn hafi stafað af gerð þakstálsins. Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Ragnarsson, greiði stefnda, Héðni hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. apríl 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með áskorunarstefnu, birtri 13. júní 1989.

Stefnandi er Héðinn hf., Seljavegi 2, Reykjavík.

Stefndi er Kristinn Ragnarsson, Melgerði 29, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 255.684 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. 1. 1989 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 1. 1990, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað, er beri dráttarvexti að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu og leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

I.

Stefnandi kveður kröfuna vera samkvæmt fjórum reikningum, dagsettum á tímabilinu frá 29. nóvember til 27. desember 1988, samtals að fjárhæð 255.684 kr. Þeir séu vegna kaupa stefnda, sem sé byggingameistari, á trapisulaga þakstáli af gerðinni GS 20. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða skuld sína, en reynt að skila vörunni á þeim forsendum, að hún hafi verið gölluð. Stefnandi hafi hafnað móttöku vörunnar og hafni því, að varan sé gölluð.

Stefnandi segir kaupin hafa gerst með þeim hætti, að stefndi, sem sé mjög reyndur byggingameistari, hafi komið til stefnanda og óskað sérstaklega eftir að kaupa hvítt, trapisulaga þakstál til notkunar á hús, er hann hafi verið að reisa að Kópavogsbraut 103 í Kópavogi. Magnús Ríkharðsson, sölustjóri stefnda, hafi afgreitt hann og ráðlagt honum að kaupa fremur bærustál, sem væri ódýrara. Stefndi hafi eingöngu viljað þetta sérstaka, hvíta stál og fengið það. Stefndi hafi ekki keypt sauminn til að festa stálið hjá stefnanda, en útvegað hann sjálfur, hvítan að lit.

Stefndi hafi komist í vandræði með frágang á þakinu og leki komið í ljós. Hann hafi þá leitað til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. um álit. Niels Indriðason verkfræðingur hafi skoðað byggingarstað. Í skýrslu hans komi fram, að lekin hafi aðallega verið þéttivatn, þar sem þakið hafi verið óeinangrað og úti hafi verið 3-5 stiga frost, en 10-15 stiga hiti inni. Ranglega hafi verið gengið frá járnri kringum reykháf, gat hafi verið á þakinu, en ekki sé talin ástæða til þess að rífa stálklæðninguna af.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar því, að ljóst sé, að stefnandi hafi selt stefnda ógallað efni, enda hafi stefndi ekki gert athugasemdir við sjálft efnið. Efnið hafi verið notað hérlandis og erlendis með góðum árangri, en standa þurfi rétt að notkun þess.

Stefnandi hafi sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, eins og eðlilegt hafi verið, þegar um þaulvanan byggingameistara sé að ræða, sem hafi talið sig vita, hvernig efnið skyldi sett á þakið. Aðferð stefnda við þakklæðninguna hafi verið algerlega á eigin ábyrgð hans, enda hafi hann sjálfur ráðið, hvernig frá þessu var gengið. Stefndi geti enga ábyrgð borið á störfum byggingameistara á byggingarstað. Stefndi hafi síðan ekki gefið stefnanda kost á að lagfæra á staðnum, heldur rifið stálið í heild af húsinu.

Stefnandi bendir og á, að í málinu sé ekki leitt í ljós, hver leki hafi verið, hve mikill, hvar og af hverju hann hafi stafað. Hins vegar sé leitt í ljós, að ágreiningur sé meðal fagmanna um frágang og kosti trapisulaga þakstáls, eins og oft sé um byggingarefni.

II.

Stefndi kveðst hafa fengið sérstakan verktaka, Guðmund Leifsson byggingameistara, til þess að leggja stálið á þakið, sem sé með 14 gráðu halla. Hann hafi keypt sams konar saum og stefnandi selji, en hvítur saumur hafi ekki fengist hjá stefnanda. Leki hafi komið, þegar smiðir hafi farið að innrétta húsið, og ekki hafi verið um annað að ræða en taka stálið af og setja bárujárn í staðinn.

Við athugun hafi komið í ljós, að hið trapisulaga stál henti alls ekki á þök, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Í umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins segi:

„Að okkar mati hefur reynslan sannað, að notkun trapisulaga þakklæðningarefna fyrir hallalítil þök á sama hátt og bárujárnsklæðning hefur verið negld um áratugaskeið er ekki fullnægjandi við aðstæður hérlandis.“ Þá sé sagt, að best sé að nota ekki trapisulaga klæðningu á hallalítil þök, en sé það gert, þurfi að skrúfa klæðninguna í lágbáru og tryggja, að negling fari ekki í gegnum aðalþéttilag þaksins (þakpappans), t.d. með því að negla klæðninguna á trélektur.

Stefndi reisi því sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi selt sér gallað efni til þess að setja á þak sitt, og hafi stefnanda verið fullkunnugt um, á hvers konar þak hafi átt að setja stálið. Efnið sé gallað að því leyti, að það sé ekki hæft til þeirra hluta, sem það sé auglýst til. Það henti ekki sem þakefni, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess, að það verði þétt, þ. e. að nota lektur til þess að fá jafnt og slétt undirlag. Um það hafi seljanda borið að leiðbeina, en ekki gert. Þess vegna hafi

hann mátt rifta kaupunum og skila efninu skv. 43. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

III.

Upplýst er í máli þessu, að efni það, sem stefndi telur gallað, trapisulaga þakstál, hefur verið notað hér á landi á þök með góðum árangri.

Skilja verður málflutning stefnda svo, að sérstakar ráðstafanir þurfi til þess, að þakfrágangur verði fullnægjandi, þegar trapisulaga málmklæðning er negld. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, hverjar þessar ráðstafanir eru, aðrar en vönduð vinnubrögð. Stefndi hefur því ekki sýnt, hvaða leiðbeiningar hafi skort af stefnanda hálfu við sölu efnisins, sem geri það að verkum, að það teljist gallað.

Stefndi hefur því ekki sýnt, að honum hafi verið heimilt að rifta kaupunum, og ber því að dæma hann til að greiða stefnukröfur ásamt málskostnaði, sem ákveðst 70.000 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Ragnarsson, greiði stefnanda, Héðni hf., 255.684 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. janúar 1989 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 1. janúar 1990, og 70.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.